

## AUGLÝSING

153

11. sept.

um greiðslu yfirfærslugjalds af greiðslum vegna leigu á erlendum skipum.

Með tilvísun til bráðabirgðalaga nr. 67 11. sept. 1957, um breytingu á lögum nr. 86 1956, um útflutningssjóð o. fl., tilkynnist hér með, að ríkisstjórnin hefur ákveðið, að gjaldeyrisgreiðslur fyrir leigu erlendra skipa, sem flytja eingöngu oliur, benzín, kol, salt og íslenzkar útflutningsafurðir skuli undanþegnar yfirfærslugjaldi. Allar aðrar gjaldeyrisgreiðslur fyrir skipaleigu skulu háðar 8% yfirfærslugjaldi. Ef erlent skip er notað jafnframt til flutninga, sem undanþegnir eru yfirfærslugjaldi, skal greiðsla yfirfærslugjalds miðuð að eins við þá flutninga, sem gjaldskyldir eru.

*Forsætisráðuneytið, 11. september 1957.*

**Hermann Jónasson.**

*Birgir Thorlacius.*

Stjórnartíðindi 1957, B. 11.

## REGLUR

154

17. ágúst

um hreindýraveiðar í Múlasýslum árið 1957.

## 1. gr.

Árið 1957 skal heimilt að veiða allt að 600 hreindýr í Múlasýslum. Skal veiðin fara fram á tímabilinu 17. ágúst til 20. september. Þó getur ráðuneytið leyft veiðar síðar á árinu, ef í ljós kemur, að eigi hefur á aðalveiðitímabilinu tekizt að ná þeirri tölu dýra, sem heimilt er að farga, enda mæli eftirlitsmaður hreindýranna með lenging veiðitímans.

## 2. gr.

Hreindýraveiðar skulu fara fram undir umsjá hreindýraeftirlitsmanns og aðstoðarmanna, er hann kann að kveðja til.

## 3. gr.

Tala þeirra dýra, sem heimilað er að veiða samkvæmt 1. gr., skiptist þannig milli eftirgreindra hreppa:

(1) Fljótsdalshreppur .....	150 hreindýr
(2) Jökulsdalshreppur .....	130 —
(3) Fellahreppur .....	80 —
(4) Tunguhreppur .....	70 —
(5) Hlíðarhreppur .....	25 —
(6) Hjaltastaðahreppur .....	15 —
(7) Skriðdalshreppur .....	43 —
(8) Vallahreppur .....	25 —
(9) Egilsstaðahreppur .....	7 —
(10) Eiðahreppur .....	15 —
(11) Breiðdalshreppur .....	10 —
(12) Beruneshreppur .....	15 —
(13) Geithellnahreppur .....	15 —

Samtals 600 hreindýr

B 34

154

17. ágúst

4. gr.

Auk þeirra hreindýra, sem skiptast samkvæmt framansögðu, getur ráðuneytið leyft veiði nokkurra dýra í viðbót, ef henta þykir, m. a. handa söfnum, til vísindalegra rannsókna o. fl., og koma þau dýr eigi til skipta. Þá getur ráðuneytið til reynslu veitt veiðifélagi, er stofnað kynni að verða, leyfi til að veiða allt að 50 hreindýr, gegn 250 króna gjaldi fyrir hvert veiðidýr. Veiðin fari fram undir eftirliti hreindýraeftirlitsmanns. Andvirði veiðileyfa þessara renni í sjóð þeirra hreppa, sem um getur í 3. gr., að frádreginni þóknun til hreindýraeftirlitsmanns fyrir eftirlit með veiðinni. Tekjur þessar skulu skiptast milli hreppssjóða í hlutfalli við fjölda þeirra dýra, sem hreppunum er leyft að veiða. Hreindýraeftirlitsmaður annast innheimtu veiðileyfagjalds og stendur hreppunum skil á því, sem þeim ber.

5. gr.

Hreppsnefndir þeirra hreppa, sem að framan eru nefndir, sjá um veiði þeirra hreindýra, sem þeim eru ætluð samkvæmt 3. gr. Skulu hreppsnefndir, hver í sínu umdæmi, fyrst og fremst láta þá bændur, sem fyrir mestum ágangi verða af hreindýrum á beitilönd sín, njóta arðs af veiðunum, en síðan sveitarsjóð.

6. gr.

Komi í ljós í lok aðalveiðitímans, að eigi hafi verið veidd sú tala hreindýra, sem gert er ráð fyrir hér að framan, skal hreindýraeftirlitsmanni heimilt að veiða á kostnað ríkissjóðs svo mörg dýr, að alls verði felld 600 hreindýr, og þá þau, sem ólífvænlegust eru. Andvirði þessara dýra gangi til greiðslu kostnaðar við veiði þeirra.

7. gr.

Þá eina má fá til þess að veiða hreindýr, er eftirlitsmaður hreindýra samþykkir. Skulu þeir fá sérstakt, skriflegt leyfi frá eftirlitsmanni. Ber þar að greina, auk nafns og heimilis leyfishafa, hvaða tegund og stærð skotvopns (riffils) megi nota, á hvaða svæði leyfið gildi, hve mörg dýr leyfishafi megi veiða og fyrir hvern hann veiði.

Leyfishafi skal bera leyfið á sér, þegar hann er við veiðar og sýna, ef krafizt er.

Hreindýraeftirlitsmaður skal tilkynna sýslumönnum Norður- og Suður-Múla-sýslu nöfn leyfishafa jafnóðum og leyfin eru gefin út, svo og ráðuneytinu.

8. gr.

Hreindýraeftirlitsmaður skal gæta þess vandlega að leyfa eigi að veiða hreindýr á þeim slóðum, þar sem þau eru að nema ný lönd og talið er æskilegt að þau hagnenjist, heldur á stöðvum aðalhjarðarinnar eða þar sem ætlunin er að bægja þeim frá.

9. gr.

Hreindýraeftirlitsmaður skal sjá um, eftir því sem unnt er, að veidd séu þau dýr, sem minnstur skaði er að fyrir vöxt og viðgang hjarðarinnar.

10. gr.

Hreindýraeftirlitsmaður annast eftirlit með veiði hreindýranna, sbr. 2. gr. Skal greiða honum 40.00 krónur fyrir hvert dýr, sem leyft er að veiða, og gengur gjaldið til greiðslu kostnaðar við veiðieftirlitið.

Hreindýraeftirlitsmanni skal heimilt að kveðja menn sér til aðstoðar við eftir- **154**  
litið á tilteknum svæðum fjarlægum heimili hans. Kostnaður vegna slíkrar aðstoðar 17. ágúst  
greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er ráðuneytið úrskurðar.

11. gr.

Brot gegn reglum þessum, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 72/1954, um  
breyting á lögum nr. 28/1940, um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, varðar  
allt að 10 000.00 króna sekt.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 17. ágúst 1957.*

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

*Knútur Hallsson.*

## REGLUGERÐ

**155**

5. sept.

### um útrýmingu heilsuspillandi íbúða.

1. gr.

Húsnæðismálastjórn skal af hálfu ríkisvaldsins vera aðili að ráðstöfunum til  
útrýmingar heilsuspillandi íbúðum, þar með taldir herskálar, og hafa um það sam-  
vinnu við bæjar- og hreppsfélög, er beita sér fyrir slíkum framkvæmdum.

2. gr.

Húsnæðismálastjórn skal beita sér fyrir því að sveitarfélög safni sem ýtar-  
legustum skýrslum um það, hversu mikið heilsuspillandi húsnæði sé notað til  
íbúðar, og á hve löngum tíma hlutaðeigandi sveitarfélög telja auðið að útrýma því.

3. gr.

Sveitarfélög, sem hafa ákveðið að gera ráðstafanir til útrýmingar heilsuspill-  
andi íbúðum og óska eftir að njóta aðstoðar ríkisvaldsins, skulu sækja um slíka  
aðstoð til húsnæðismálastjórnar, áður en hafizt er handa um byggingarfram-  
kvæmdir.

Með umsóknum þessum skulu fylgja eftirtalin gögn:

- a. Teikningar af fyrirhuguðum íbúðum í 2 eintökum.
- b. Nákvæm smíðalýsing (útboðslýsing).
- c. Greinilega sundurliðuð kostnaðaráætlun.
- d. Greinargerð um skilmála og kjör þau, sem væntanlegum eigendum eða leigj-  
endum íbúðanna eru ætluð.
- e. Upplýsingar um, hvenær byggingarframkvæmdir skulu hefjast, og hvenær þeim  
verði lokið.